



Jóla

Desember 2008 30. árgangur 7. tbl.

FRÉTTABRÉF BSSL




EFNI BRÉFSINS:

Sæðisdropinn 2/2008	2
Úttektir jarðabóta.....	2
Hrossaræktin – skýrsluskil o.fl.	3
Af hauststarfinu í sauðfjárrækt 2008	4
Jólagjafir handa þeim sem allt eiga	6
Kveðja frá Þorsteini	7
Til athugunar vegna skila á haustbók í sauðfjárrækt	7
Skuldastaða sunnlenskra kúabúa	8



*Búnaðarsamband Suðurlands
óskar ykkur gleðilegra jóla
og farsæls nýs árs!*



Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða

Forðagæsluskýrslur

Búfjárefntilitsmenn vilja árétta að skiladagur forðagæsluskýrslna er þegar liðinn. Þeir búfjáreigendur sem ekki hafa skilað skýrslum geta átt von á heimsókn búfjárefntilitsmanns og að fyrir slíka heimsókn verði innheimt skv. gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags. Búfjárefntilít og eftirlít með fóðurforða er á vegum sveitarfélaganna og er lögbundin skylda þeirra en þau semja við verktaka um framkvæmd.

Til að komast hjá heimsókn og innheimtu fyrir hana skulu búfjáreigendur sem ekki hafa þegar skilað gera það áður en búfjárefntilitsmaðurinn bankar á dyrnar.

Búfjárefntilitsmenn á Suðurlandi

Um leið og við óskum lesendum fréttabréfsins gleðilegra jóla og þökkum samstarf á liðandi ári, viljum við minna viðskiptavini Bændabókhaldsins á að skila gögnum sem fyrst til okkar. Ekki er nauðsynlegt að allir pappírar séu komnir áður en skilað er, restina má senda seinna.



*Með jólakveðju,
Starfsfólk Bændabókhalds BSSL.*

Af vettvangi Félags kúabænda á Suðurlandi

Aðalfundur 26. janúar nk.

Sigurður Loftsson hættir sem formaður

Félagsráð Félags kúabænda á Suðurlandi hélt fund í Árhúsum á Hellu 9. des. sl. Á fundinum voru rædd ýmis hagsmunamál kúabænda með sérstakri áherslu á fjárhagslega stöðu kúabænda. Fram kom að þeir fundarmenn sem hafa óskað eftir frystingu á afborgunum erlendra lána hjá lánastofnunum hafa fengið hana, oftast í 4 til 6 mánuði. Á fundinum var ákveðið að stjórn félagsins myndi óska eftir fundi með fulltrúum helstu viðskiptabanka kúabænda á svæðinu til að fara yfir stöðu kúabænda almennt og þá fyrirgreiðslu sem nauðsynleg er af hálfu lánveitenda næstu mánuði.

Þá voru rædd ýmis mál sem tengjast mögulegri aðildarumsókn inn í ESB og fjallað um nauðsyn þess að hafa sem nýjastar og bestar upplýsingar um áhrif aðildar á mjólkur- og kjötframleiðsluna hér á landi og úrvinnslugreinar þeirra.

Í lok fundar tilkynnti formaður félagsins, Sigurður Loftsson í Steinsholti, að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður á næsta aðalfundi félagsins sem haldinn verður 26. janúar nk. Sigurður verður þá búinn að starfa sem formaður í 9 ár samfellt auk þess að hafa starfað áður í rúm 6 ár í félagsráði félagsins.

Runólfur Sigursveinsson



SÆÐISDROPINN

2/08

Nú er unnið að nýju kynbótamatskerfi í nautgriparæktinni samhliða þeim breytingum sem orðið hafa á skýrsluhaldinu með tilkomu www.huppa.is. Vegna þessa hefur vinnsla á kynbótamati tafist og mun ekki ljúka fyrr en upp úr áramótum. Þau naut sem verða í boði fram yfir áramót eru því þau hin sömu og eru í nautaskránni sem gefin var út í sumar.

Nautsfeður

Nautsfeður til notkunar fram yfir áramót verða Náttfari 00035, Spotti 01028, Kappi 01031, Alfons 02008 og Skurður 02012. Náttfari er þó aðeins til notkunar sem nautsfaðir á kýr með hátt kynbótamat fyrir prótein%.

Nautkálfar á stöð

Á næstu vikum verða teknir nautkálfar á stöð undan eftirtöldum nautum: Hersir 97033, Rosi 97037, Glanni 98026, Þrasi 98052, Þollur 99008, Gosi 00032, Náttfari 00035, Snotri 01027, Kappi 01031 og Spotti 01028. Þá geta kálfar undan eldri nautsfeðrum komið til greina. Látið endilega vita um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá og efnilegum kvígum með háa ætternissþá.

Nautsmæður

Á nautsmæðraskrá eru eins og áður kýr með 115 eða hærra í kynbótamat og 90 eða hærra fyrir prótein. Til greina kemur að taka nautkálfa undan kúm með kynbótamat á bilinu 110-114. Allar nautsmæður þurfa að vera

kollóttar og gallalausar hvað varðar júgur, spena, mjaltir og skap.

Þá er þeim tilmælum beint til bænda að láta sæða efnilegar og vel ættaðar fyrsta og annars kálfs kvígur með nautsfeðrum þó kynbótamat liggja ekki fyrir með það í huga að bjóða nautkálfa undan þeim.

Ungnaut

Útsendingu úr nautum fæddum 2006 er lokið og dreifing sæðis úr fyrstu nautum 2007 árgangsins vel á veg komin.

Dreifingu er lokið úr Völusteini 06020, Kambi 06022, Dynjanda 06024, Hjarða 06029, Darra 06031, Stjóra 06038, Baggalúti 06039, Reyk 06040, Mikka 06042, Takti 06046 og Rafti 06047.

Dreifing er í fullum gangi úr nautum fæddum 2007, þ.e. þeim: Lauki 07001, Prímusi 07002, Kastala 07003, Gullmola 07004, Dalli 07007, Bauki 07008, Sel 07010, Bólstra 07011, Sandi 07014, Rjóma 07017, Svaka 07020, Framherja 07022 og Dúllara 07024.

Þá hefst útsending úr Gára 07031, Staf 07034 og Klaufa 07038 innan tíðar.

Frekari upplýsingar

Rétt er að benda á að nautskráin er á netinu og þar er hægt að finna upplýsingar um öll reynd og óreynd naut í notkun. Slóðin er www.nautaskra.net

Guðmundur Jóhannesson

Úttektir jarðabóta og þróunarverkefna 2008

Úttektum jarðabóta og þróunarverkefna sem unnar voru á árinu 2008 er nú lokið af hálfu Búnaðarsambandsins. Ábúendur á lögbýlum sem greiða búnaðargjald hafa geta sótt um styrki til ákveðinna verkefna undanfarin ár og er það hluti af störfum ráðunauta búnaðarsambandanna skv. búnaðarlagasamningi að fara yfir og staðfesta að framkvæmt hafi verið í samræmi við umsóknir.

Í nokkur ár hefur kornrækt verið styrkt með þessum hætti en nú í ár bættist við grasrækt og grænófóðurrækt en fjármunir í þessa nýju flokka koma úr mjólkur- og sauðfjársamningi. Ráðunautar teikna útteknar spildur inn á loftmyndagrunn BÍ og er þannig haft yfirlit yfir hvaða spildur hafa verið teknar út og hvaða ár.

Samkvæmt úttektum ráðunauta BSSL hefur jarðrækt verið með eftirfarandi hætti á starfssvæðinu:

Árnessýsla		
Kornrækt		817,0 ha
Grænófóðurrækt		602,1 ha
Grasrækt		550,4 ha
Rangárvallasýsla		
Kornrækt		1.244 ha
Grænófóðurrækt		639,8 ha
Grasrækt		916,8 ha
V.-Skaftafellssýsla		
Kornrækt		130,0 ha
Grænófóðurrækt		38,0 ha
Grasrækt		25,2 ha
A.-Skaftafellssýsla		
Kornrækt		140,0 ha
Grænófóðurrækt		107,7 ha
Grasrækt		265,0 ha

Úttektir eru skráðar hjá Búnaðarsambandinu en Bændasamtök Íslands sjá um að greiða út styrkina í samræmi við úttektirnar. Nú er unnið að lokauppgjöri en styrkuppþæðir á hektara liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Styrkirnar verða greiddir út í lok desember.

Jóhannes Hr. Símonarson

Hrossaræktin – skýrsluskil o.fl.

Senn líður að áramótum og því rétt að minna ræktendur á að skila inn folalda-, afdrifa- og stóðhestaskýrslum. Rétt er að minna á að ekki fæst A-vottun á hross nema fyrir liggja sönnun á ætterni. Til þess að það sé hægt verða báðir foreldrar að vera DNA-greindir. Stóðhestar sem hlotið hafa dóm nú í seinni tíð eru langflestir DNA – greindir en víða eru hryssur ekki DNA-greindar. Best er að taka stök úr mæðrunum um leið og tekið er úr folöldunum sé hægt að koma því við.

Af árgangi 2007 lifandi og fæddum á Suðurlandi er búið að skrá 2669 folöld í WF. Samkvæmt forðagæsluskýrslu það sama ár voru sett á 2776 folöld. Það er því búið að skrá í WF 96% af árgangi 2007 fæddum á Suðurlandi. Í töflu 1 má sjá ásetning og skýrslufærð folöld eftir sýslum og kemur þá í ljós að talsverður munur er á hlutfalli skýrslufærðra folalda eftir sýslum. Í Rangárvallasýslu eru mikið fleiri folöld skráð í WF heldur en sett eru á samkvæmt forðagæsluskýrslum þannig þar hlýtur að vera einhver skekkja í fjölda ásettra folalda haustið 2007.

Tafla 1. Ásetningur og skráð folöld eftir sýslum á Suðurlandi samkvæmt forðagæsluskýrslum og Worldfeng 9/12 2008.

Sýsla	Ásetningur samkv. forðagæslusk. 2007	Skráð og lifandi folöld f. 2007.	Hlutfall skráðra og ásettra folalda 2007.
V-Skaftafellssýsla	72	54	75%
Rangárvallasýsla	1356	1569	116%
Árnessýsla	1348	1046	78%
Samtals:	2776	2669	96%

Þátttaka í kynbótasýningum á vegum BSSL var góð og voru samtals 1.264 hross dæmd. Þess má geta að alls voru dæmd 1.841 hross á landinu öllu ef LM2008 er ekki talið með. Það þýðir að 69% allra dæmdra hrossa á árinu voru



Hæst dæmda 4 vetra hryssan á LM 2008. IS2004281815 Gletta frá Þjóðólfs Haga 1, ræktandi, eigandi og knapi Sigurður Sigurðarson.

(Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir).

Tafla 2. Aldursdreifing á sýningum á starfssvæði BSSL árið 2008.

	Víðidalur	Héraðssýning Sörlastöðum	Héraðssýning Gaddstaðafll.	Síðsumarsýn. Gaddstaðafll.
Stóðhestar:				
7. v. og eldri	8 (1)	17 (1)	14	5 (1)
6. vetra	7 (1)	27 (1)	15	3
5. vetra	17 (1)	73 (10)	34 (4)	5
4. vetra	8 (4)	47 (15)	46 (28)	3 (2)
Ungfolar	2	1 (1)	1 (1)	1 (1)
Samtals stóðhestar	42 (7)	165 (28)	110 (33)	17 (4)
Hryssur:				
7. v. og eldri	25 (4)	139 (13)	49 (3)	72 (6)
6. vetra	21 (5)	98 (6)	71 (6)	67 (7)
5. vetra	15 (3)	102 (14)	62 (9)	55 (6)
4. vetra	6 (2)	87 (14)	39 (4)	18 (2)
Samtals hryssur	67 (14)	426 (47)	221 (22)	212 (21)
Afkvæmi		4 (1)		
ALLS:	109 (21)	595 (76)	331 (55)	229 (25)

*Tölur í sviga segja til um fjölda sem eingöngu fær sköpulagsdóm.

sýnd á starfssvæði BSSL sem er aðeins lægra hlutfall en í fyrra (73%). Í Víðdal voru sýnd 109 hross, á Sörlastöðum 595 hross og á Gaddstaðafllötum 560 hross (tvær sýningar). Stærsta sýningin sem BSSL hefur nokkru sinni haldið var í vor á Sörlastöðum en þar voru tvær dómnefndir að störfum í tvær vikur samfleytt. Á vorsýningunni á Gaddstaðafllötum mættu 331 hross í dóm en 229 hross á síðsumarsýninguna. Alls voru dæmdar 926 hryssur, 329 stóðhestar, 5 ungfolar og 4 afkvæmi. Aldursdreifingu á hverri sýningu má sjá í töflu 2.

Komin eru drög að sýningaráætlun fyrir næsta vor en þar er gert ráð fyrir að fyrsta sýningin verði í Víðdal 12. til 15. maí, síðan á Sörlastöðum 18. til 29. maí og að lokum á Gaddstaðafllötum 1. til 12. júní. Stefnt er að sýningu í Hornafirði 1. júní en engin sýning var þar sl. vor vegna lítillar þátttöku.

Í febrúar á næsta ári ætla Hrossaræktarsamtök Suðurlands í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri að vera með námskeið í bygginga- og hæfileikadómum og er þegar farið að taka niður skráningar á netfangið endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000.

Að lokum, munum að hlú vel að útgangshrossum en þau þurfa góð skjól, nægt fóður og vatn. Sendi bændum og búaliði mínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Halla Eygló Sveinsdóttir



Útgangshross í góðu atlæti.

(Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir)

Af hauststarfinu í sauðfjarrækt 2008

Hrútasýningar 2008

Hauststörfin í sauðfjarrækt gengu nokkuð vel fyrir sig. Aðalstarfsmenn haustsins voru Agúst Ingi, Grétar Már, Óðinn Örn og Pórey. Halla Eygló og Guðmundur fóru í nokkrar skoðanir í nágrenni Selfoss. Sólrún Ólafsdóttir á Kirkjubæjarklaustri sá um skráningu á dómum í tölvu. Fulldæmdir voru um 2.600 lambhrútar, 615 veturgamlir hrútar og um 7.800 gimbrar.

Haustfundirnir í sýslunum fjórum voru haldnir dagana 19. og 20. nóvember og var mjög góð mæting í öllum sýslunum. Á fundunum var farið yfir hauststarfið, Sveinn Sigurmundsson fór yfir starfsemi Sauðfjarsæðingarstöðvar Suðurlands, Jón Viðar frá Bændasamtökum Íslands kynnti hrútakost sauðfjarsæðingastöðvanna. Að þessu sinni voru 5 bú verðlaunuð fyrir efstu lambhrútana í hverri sýslu, 3 efstu veturgömlu hrútarnir í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir einstaklingsdóm og 5 eldri hrútar í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir BLUP kynbótamat. Lambhrútunum og veturgömlu hrútunum var raðað eftir samanlögðum stigum fyrir bak, malir og læri (BML), þá heildarstigum og að lokum þykkt bakvöðva. Hrútar, bæði veturgamlir og lambhrútar, sem dregnir voru niður fyrir haus (t.d. vegna skakks bits) eða með gallaða fætur komu ekki til greina sem verðlaunahrútar. Þeir hrútar sem eru í töflunum eru því allir með 8,0 fyrir haus og fætur. Hálfst stig var dregið af lambhrútum sem voru gengnir einir undir móður sinni. Sauðfjarræktarnefnd BSSL samþykkti á fundi í ágúst

2007 að verðlauna fimm efstu búin fyrir lambhrúta og veita þeim öllum viðurkenningarskjal með efstu hrútum þess bús og að þremur efstu búunum yrði einnig veittur verðlaunaplatti. Fyrirkomulagið var ákveðið þannig að það bú sem átti efsta lambhrútinn var í fyrsta sæti, síðan voru listaðir upp hrútar frá þessum bæ sem voru innan næstu fjögurra búa. Bú í öðru sæti átti næsta lambhrút á eftir búi númer eitt og síðan listaðir upp hrútar frá þessu búi innan næstu þriggja búa. Þetta hélt svo áfram svona þangað til fimm bú voru fundin. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að verðlauna fleiri góða lambhrúta og yfirleitt fleiri góð bú heldur en gert hefur verið.

Þær breytingar urðu á BLUP verðlaununum að til að hrútur eigi möguleika á verðlaunasæti verður hann að hafa a.m.k 98 í einkunn fyrir frjósemi og mjólkurlagni dætra, en ekki 100 eins og var haustið 2007. Það eru margir góðir hrútar sem eru með 98 eða 99 í öðrum þættinum og eiga eftir að sanna sig betur sem ærfeður. Annars er hrútunum raðað eftir heildareinkunn fyrir kjötmatið þar sem fita gildir 60% og gerð 40%. Ef hrútar eru jafnir þá raðast sá hrútur ofar sem hefur hærri einkunn fyrir fitu. Á fundi Sauðfjarræktarnefndar BSSL sem haldin var í ágúst 2008 var samþykkt að veita 5 efstu hrútum í hverri sýslu viðurkenningarskjal og þremur efstu verðlaunaplatta að auki.

Verðlaun fyrir efstu lambhrútanna voru gefin af Búaðföngum á Hvolsvelli, verðlaun fyrir efstu veturgömlu hrútanna voru gefin af Jötunn-Vélum hf. líkt og haustið 2007 og verðlaun fyrir efstu BLUP hrútanna voru gefin af Sláturfélagi Suðurlands.

Hæst dæmdu veturgömlu hrútarnir 2008

Árnessýsla																	
Nafn býlis	Nr.	Nafn	Faðir	Þun	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög.	H&H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull	Samr.	Alls	BML
Kolsholt III	-	Kraftur	05-966	Raftur	76	115	37	3,0	4,5	80	85	90	100	195	80	870	385
Brautartunga	07-138	Valiant	05-966	Raftur	98	113	45	3,0	5,0	85	90	100	90	190	80	875	380
Tóftir	07-046	Óttar	04-964	Papi	86	112	42	5,0	5,0	90	90	95	90	190	75	870	375

Rangárvallarsýsla																	
Nafn býlis	Nr.	Nafn	Faðir	Þun	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög.	H&H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull	Samr.	Alls	BML
Teigur I	07-435	Hroki	05-966	Raftur	99	120	47	3	5,0	80	80	100	95	180	80	860	375
Teigur I	07-156	Borði	03-947	Dregill	91	121	44	5	4,5	85	90	95	95	180	80	865	370
Y-Skógar	07-327	Lási	03-945	Lundi	92	120	44	6	4,0	85	85	90	90	190	80	865	370

Vestur-Skaftafellssýsla																	
Nafn býlis	Nr.	Nafn	Faðir	Þun	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög.	H&H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull	Samr.	Alls	BML
Fagurhlíð	07-002	Glitnir	04-090	Fontur	86	120	43	3,0	4,5	85	85	95	90	185	80	860	370
Fagurhlíð	07-004	Funi	05-966	Raftur	93	120	46	6,0	4,0	80	80	95	90	185	80	855	370
Hörgsland II	07-316	Eitill	03-947	Dregill	84	120	45	4,0	5,0	80	85	100	90	180	80	855	370

Austur-Skaftafellssýsla																		
Nafn býlis	Nr.	Nafn	Faðir	Þun	Fótl.	Óv.	Óf.	Lög.	H&H	B&Ú	Bak	Malir	Lær	Ull	Samr.	Alls	BML	
Svínafell I	07-445	Roði	04-962	Bobbi	85	111	40	5	4,5	85	90	90	95	180	75	85	860	365
Hof I	07-561	Þorri	05-966	Raftur	84	120	39	3	4,0	85	90	90	90	185	75	85	860	365
Fornustekkar	07-167	Nói	05-135	Forseti	93	119	44	5	5,0	80	85	95	90	180	80	85	855	365

Veturgamlir hrútar 2008

Í haust voru dæmdu 615 veturgamlir hrútar sem er 23 hrútum fleira en haustið 2007. Að meðaltali voru hrútarnir nokkuð léttari núna en haustið 2007. Þeir voru að meðaltali 82,6 kg núna en 84,3 kg haustið 2007. Þyngdarmunurinn var mestur í Árnessýslu þar sem þeir voru tæpum 6 kílóum léttari en haustið 2007, en þar var líka mesta aukningin á dæmdum hrútum 53 hrútar. Þyngstu hrútarnir voru í Austur-Eyjafjallahreppi 92,5 kg að meðaltali.

Hæst dæmdu veturgömlu hrútarnir 2008

Meirihluti hrútanna eða 90% fékk IA verðlaun. Mestur fjöldi dæmdra hrúta var í Holta-og Landssveit og Hrunamannahreppi 37, þar á eftir kom Kirkjubæjarhreppur með 36 hrúta. Af þessum 612 hrútum voru 366 (60%) af þeim undan sæðingahrútum, 319 undan þeim hyrndu og 47 undan þeim kollóttu. Þetta er hærra hlutfall en var haustið 2007 en þá voru u.þ.b.43% allra dæmdra veturgamalla hrúta undan sæðingahrútum. Raftur átti langflesta syni þetta haustið eða 85. Á eftir honum komu Dregill og Hvellur með 33 syni hvor og Blettur með 29 syni. Einungis voru þrjú kollóttir hrútar sem áttu dæmda syni á Suðurlandi þetta haustið en það voru þeir Spakur með 24 syni, Ljómi með 10 syni og Lykill með 6 syni.

Efsti veturgamli hrúturinn í Árnassýslu kemur frá Kolsholti 3 og heitir Kraftur og er Raftsson 05-966. Í Rangárvallasýslu var Hroki 07-435 frá Teigi 1 efstur, faðir hans er Raftur 05-

966. Glitnir 07-002 frá Fagurhlið var hæst dæmdur í Vestur-Skaftafellssýslu, hann er sonur Fonts 04-090 Hylssonar (01-883). Í Austur-Skaftafellssýslu stóð efstur Roði 07-445 frá Svínafelli 1 sonur Bobba 04-962.

Lambhrútar

Skoðaðir voru um 2.600 lambhrútar í sýslunum fjórum. Tæplega helmingur lambhrútanna eða 1091 var undan sæðingahrútum. Úrval góðra hrútsefna var ekki eins mikið og haustið 2007 en margir lambhrútar eru að mælask með 30 mm bakvöðva eða meira líkt og haustið 2007. Þykkasti bakvöðvinn á lambhrúti í haust var 43 mm, en var í fyrra 45 mm. Sæðingahrútarnir voru flestir að koma vel út og er það ánægjulegt. Af hyrndu sæðingahrútunum átti Kveikur langflesta syni, 170. Þeir sem komu næstir honum voru Bjálki með 96, Fróði með 89 og Cat með 81. Af kollóttu hrútunum áttu flesta syni Máni 41 og Frakksson 24. Áberandi er þetta haustið hvað sæðingahrútarnir eiga færri syni en haustið 2007 og er það í samræmi við færri dæmda lambhrúta haustið 2008.

Af hyrndu sæðingahrútunum var Bjálki að koma best út á Suðurlandi. Hann var hæstur í heildarstig um 83,1, lærastig 17,4 og samanlögð stig fyrir bak, malir og læri 34,6. Hann var einnig á toppnum ásamt Kveik, Bramla og Fróða í þykkt og lögun bakvöðvans. Aðrir hrútar sem voru einnig að koma vel út í öðrum þáttum voru Kveikur, Fróði og Cat. Aðrir komu heldur slakar út en voru samt í góðu lagi.

Af kollóttu hrútunum var Máni sterkastur. Hann var hæstur í samanlögð stig fyrir bak, malir og læri með besta bakvöðvann 28,7 mm og lögun vöðva 3,9. Hæstur fyrir heildarstig var Fengur með 83,1 en hann átti einungis 6 syni á eftir honum komu synir Olla með 82,5 stig. Annarsvoru kollóttu hrútarnir frekar jafnir ef frá er skilin Máni.

Bú verðlaunuð fyrir hæst dæmdu lambhrúta 2008

Árnassýsla																				
Sæti	Nafn býlis	Nr	B	G	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lög.	H+H	Br&útl	Bak	Mal	Læ	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Stóru-Reykir	114	3	2	05-023	Keli	52	108	36	3,0	5,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	9,0	89,0	38,0	
2	Bræðratunga	681	1g	1g	07-148		55	111	42	3,0	5,0	9,0	10,0	9,5	18,0	8,5	8,5	88,5	37,5	
2	Brúnastaðir 1	117	1	1	07-076	Gýgjar	51	110	38	2,0	5,0	9,0	10,0	9,5	18,5	7,5	8,5	88,0	37,5	
3	Tóftir	59	2	2	06-042	Feldur	55	107	36	2,0	5,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,5	88,0	37,5	
4	Oddgeirshólar 1	182	2	2	04-010	Bikar	54	110	35	4,0	5,0	8,5	9,0	9,5	19,0	7,5	9,0	87,5	37,5	
Rangárvallasýsla																				
Sæti	Nafn býlis	Nr	B	G	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lög.	H+H	Br&útl	Bak	Mal	Læ	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Snjallsteinshöfði	10	1g	1g	06-177	Hrollur	47	110	43	4,0	5,0	8,5	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,5	88,0	38,0
2	Skiðbakki 1	53	2	2	07-333	Ranni	51	106	33	4,0	5,0	8,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,5	86,5	37,0	
3	Ytri-Skógar	111	2	2	07-324	Svalur	44	109	36	3,0	4,5	8,5	9,0	9,5	18,0	9,0	8,5	87,5	36,5	
4	Hemla 2	286	2	1	06-350	Hilmir	40	103	36	3,0	5,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	87,0	36,5
	Hemla 2	13	2	2	04-963	Fróði	50	111	37	3,0	4,5	8,5	8,5	9,0	9,5	18,0	8,0	8,5	86,0	36,5
5	Vestra-Fiflholt	9000	2	2	04-145	Máni	48	109	35	3,0	4,5	8,5	8,5	9,5	9,5	17,5	8,0	8,0	85,5	36,5
5	Djúpidalur	13	2	2	05-344	Freyr	59	110	35	3,0	4,5	8,0	8,5	9,5	9,5	17,5	8,0	8,5	85,5	36,5
Vestur-Skaftafellssýsla																				
Sæti	Nafn býlis	Nr	B	G	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lög.	H+H	Br&útl	Bak	Mal	Læ	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Úthlið	1253	2	2	07-443	Fjalar	48	109	37	3,0	5,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,5	89,0	38,0
	Úthlið	1504	2	2	05-965	Kveikur	47	106	36	2,0	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	8,5	87,0	37,5
	Úthlið	2351	3	2	07-440	Kjuði	44	111	36	4,0	4,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,0	8,0	8,5	86,5	36,5
2	Hraungerði	2595	3	3	05-204		52	108	38	2,0	4,5	8,5	8,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,5	88,0	37,5
	Hraungerði	1583	2	2	04-983	Örvar	54	110	36	3,0	4,0	8,5	8,5	9,0	9,5	18,0	9,0	8,0	86,5	36,5
	Hraungerði	1641	3	2	02-006	Tenór	60	109	36	5,0	4,0	9,0	8,5	9,0	9,5	18,0	8,0	8,5	86,5	36,5
3	Herjólfsstaðir 1	1981	2	2	03-049	Moli	54	110	33	3,0	4,5	8,5	8,5	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	86,5	37,0
4	Fagurhlið	82	2	2	04-963	Fróði	50	108	37	3,0	5,0	9,0	8,5	9,5	9,0	18,0	8,0	8,5	86,5	36,5
5	Hörgsland 2	2851	2	2	04-992	Cat	46	104	37	2,0	5,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,0	8,0	8,0	85,5	36,5
Austur-Skaftafellssýsla																				
Sæti	Nafn býlis	Nr	B	G	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lög.	H+H	Br&útl	Bak	Mal	Læ	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Svínafell 3, Bölti	110	2	2	07-511	Feldur	56	110	36	3,0	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	9,0	87,5	37,5
2	Breiðab. 2, Gerði	750	2	2	05-965	Kveikur	50	108	37	2,0	5,0	8,5	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	87,5	37,0
3	Smyrlabjörg	183	2	2	03-947	Dregill	48	110	34	2,0	4,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	87,0	37,0	
4	Vík 2	1152	2	2	06-995	Bjálki	45	109	38	3,0	5,0	8,5	8,5	10,0	9,0	18,0	8,0	8,0	86,0	37,0
5	Hnappavellir 5	474	2	2	06-165	Sjóður	55	104	33	4,0	3,5	9,0	9,0	8,5	9,5	18,5	8,0	8,0	86,5	36,5

Flestir lambhrútar voru dæmdir í Árnassýslu, 770. Hæst heildarstig voru í Austur-Skaftafellssýslu, 82,7 stig. Í Árnassýslu voru að meðaltali hæst lærastig, 17,2 stig. Hæst samanlögð stig fyrir bak, malir og læri voru í Árnassýslu og Austur-Skaftafellssýslu, 34,1 stig. Pykkasti bakvöðvinn að

meðaltali var í Austur-Skaftafellssýslu, 29,7 mm. Eins og fram kemur framur í greininni voru fimm bæir verðlaunaðir fyrir stigahæstu lambhrútana í hverri sýslu. Í sýslunum fjórum voru 184 lambhrútar með 36,0 eða meira fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Árið 2007 voru þeir 303 sem er rúmlega

einum þriðja fleiri en í ár, en þess ber að geta að færri hrútar voru dæmdir þetta árið. Að auki voru 6 lambhrútar með yfir 36 stig fyrir BML en féllu út þar sem þeir voru annað hvort með gallaðan haus eða gallaða fætur. Af þessum 184 voru 78 undan sæðingahrútum eða u.þ.b. 42% en haustið 2007 var þetta hlutfall u.þ.b. 50%. Af þeim 26 lambhrútum sem eru verðlaunaðir eru einungis 8 undan sæðingahrútum. Af verðlaunahrútunum áttu Kveikur og Fróði 2 syni hvor og aðrir einn. Af lambhrútunum 190 átti Bjálki 18, Kveikur 16, Fróði 10 og Cat 6. Það komu því margir góðir lambhrútar undan heimahrútum þetta haustið.

Í Árnassýslu voru Stóru-Reykir í Hraungerðishreppi efstir með lambhrút nr. 114 undan Kela 05-023 Hylssyni (01-883). Hann var með 38,0 fyrir BML, 89,0 heildarstig og 36 mm bakvöðva. Þessi lambhrútur var annar af tveimur stigahæstu lambhrútunum á Suðurlandi í haust. Þau leiðu mistök áttu sér stað í Árnassýslu að lambhrútur nr. 681 frá Bræðratungu var lækkaður um 0,5 stig fyrir bak, mali og læri þar sem hann gekk einn undir, en það gleymdist að athuga það að hann er gemsalamb. Vegna þessa lenti hann í 5. sæti en á sannarlega að vera í 2. sæti yfir lambhrúta í Árnassýslu. Beðist er vel-

Efstu hrútarnir í BLUP kynbótamati 2008

Árnassýsla													
Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur			Sláturupplýsingar 2007			
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
04-774	Funi	Ósabakki III	01-883	Hylur	137	125	132,2	99	102	61	15,7	9,6	5,3
04-106	Gunnar	Heiðarbæ 1	01-883	Hylur	128	114	122,4	114	99	30	16,3	8,9	6,2
04-719	Múli	Vogsósar II	00-871	Lóði	125	116	121,4	106	100	49	16,1	9,6	6,5
06-074	Óður	Brúnastaðir 1	04-952	Bramli	119	120	119,4	103	99	30	19,1	11,2	7,3
05-082	Stúfur	Brúnastaðir 1	00-909	Spakur	107	138	119,4	98	108	24	19,0	12,0	7,6

Rangárvallasýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur			Sláturupplýsingar 2007			
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
06-411	Stáli	Teigur 1	05-438	Tvistur	128	129	128,4	101	103	16	16,4	10,5	5,6
05-131	Rammi	Skarð	00-871	Lóði	135	109	124,6	103	101	63	16,1	9,4	7,0
06-053	Púki	Stóra - Mörk 3	99-914	Partur	129	118	124,6	105	99	132	17,6	9,3	7,3
06-391	Fönix	Skarð	04-951	Mímír	114	134	122	119	108	41	16,8	10,9	7,6
06-385	Ás	Skarð	02-923	Lómur	125	115	121	103	107	49	16,7	9,9	7,3

Vestur-Skaftafellssýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur			Sláturupplýsingar 2007			
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
06-319	Fálki	Borgarfell	04-951	Mímír	115	145	127	102	99	39	16,3	11,3	6,1
04-179	Fleygur	Borgarfell	01-883	Hylur	127	120	124,2	107	99	59	17,1	10,1	6,3
04-077	Ári	Mýrar	02-904	Gári	127	119	123,8	107	110	37	13,5	8,5	5,7
06-317	Fontur	Borgarfell	05-250	Háski	130	110	122	102	110	30	17,7	10,1	6,3
06-464	Blómi	Y-Sólheimar 2	02-943	Kjalvar	134	103	121,6	111	99	21	15,5	9,0	5,4

Austur-Skaftafellssýsla

Nr.	Nafn	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur			Sláturupplýsingar 2007			
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Frjósemi	Fjöldi	Fallþ	Gerð	Fita	
02-766	Áll	Vík 2	00-868	Áll	125	119	122,6	108	105	57	16,0	9,7	6,6
05-015	Diskur	Bjarmanes 2	00-871	Lóði	128	113	122	103	101	30	15,2	9,7	5,8
06-363	Lestur	Holtasel	04-950	Gaddur	116	129	121,2	109	104	42	13,6	9,4	5,4
04-064	Hvellur	Bjarmanes 2	01-883	Hylur	117	126	120,6	112	105	80	16,0	9,5	6,7
02-229	Júði	Nýpugarðar	00-868	Áll	118	122	119,6	98	104	58	16,3	9,7	6,4

Jólagjafirnar handa þeim sem allt eiga

Á skrifstofu Búnaðarsambandsins á Selfossi fæst ýmislegt spennandi í jólapakka sveitamannsins. Má þar t.d. nefna heimildarmyndina „Í dagsins önn“ sem inniheldur 3 DVD diska sem sýna gamla búskaparhætti. Heimildarmyndirnar um Landbúnaðarsýningarnar 1958 og 1978 hafa nú verið settar saman á DVD disk og eru þær ekki síður fróðlegar. Þar má sjá afar skemmtilegar mannlífsmýndir af gestum sýninganna. Ritsafnið „Sunnlenskar byggðir“ er einnig til sölu

hjá BSSL en þar er farið ítarlega yfir sveitir Suðurlands, ábuendur og búskaparhætti. Útgáfuár 1978. Nýja bókinn „Saga Búnaðarsambands Suðurlands 1908-2008“ var gefin út nú í ár en bókinn var síðasta ritverk Páls Lýðssonar. Á BSSL má einnig fá smærri gjafir s.s. litaveggspjöld íslenska búfjárins, boli og húfur frá Landbúnaðarsýningunni í sumar o.fl.

Upplýsingar og afgreiðsla í síma 480 1800

virðingar á þessum mistökum og í töflunum sem fylgja hér á eftir hefur þetta verið leiðrétt. Í Rangárvallasýslu stóð Snjallsteinshöfði í Landsveit efstur með lambhrút nr. 10 undan Hroll 06-177 Kuldasynti (03-924) frá Helga Benediktssyni í Austvaðsholti 1 í sömu sveit. Hann var með 38,0 stig fyrir BML, 88,0 heildarstig og 43 mm bakvöðva.

Bú verðlaunuð fyrir hæst dæmdu lambhrúta 2008

Í Vestur-Skaftafellssýslu var Úthlíð í Skaftártungu efst með þrjá lambhrúta. Efstur af þeim var nr. 1253 undan Fjalari 07-443 Raftssyni (05-966). Hann var einn af tveimur stigashæstu lambhrútunum á Suðurlandi í haust með 38,0 stig fyrir BML, 89,0 heildarstig og 37 mm bakvöðva. Í Austur-Skaftafellssýslu var Svínafell 3, Bölti efst með lambhrút nr. 110 undan Feld 07-511 Bobbasyni (04-962). Hann var með 37,5 stig fyrir BML, 87,5 heildarstig og 36 mm bakvöðva.

BLUP kynbótamatíð

BLUP verðlaunaveitingarnar eru veittar á hverju hausti, þar sem reiknað er út frá kjötmatinu haustið áður. Af þeim 20 hrútum sem voru verðlaunaðir í sýslunum fjórum voru 14 af þeim undan sæðingahrútum frá Hesti. Hylur (01-883) átti 4 syni, Lóði (00-871) 3 syni og aðrir einn eða tvo. Þarna kemur greinilega í ljós hvað þessir hrútar hafa gefið mikið til ræktunarstarfsins og eru sterkir kynbótagripi. Efstur í Árnessýslu var Funi 04-774 frá Ósabakka III undan Hyl (01-883), heildareinkunn 132,2. Funi var langefstur af þeim hrútum sem voru verðlaunaðir í Árnessýslu og var hann í öðru sæti í BLUP verðlaunum haustið 2007. Efstur í Rangárvallasýslu var Stáli 06-411 frá Teigi 1 undan Twist 05-438 Kuldasynti (03-924), heildareinkunn 128,4. Í Vestur-Skaftafellssýslu var efstur Fálki 06-319 frá Borgarfelli undan Mími (04-951) frá Hesti, heildareinkunn 127. Áll 02-766 frá Vík undan Ál frá Hesti var efstur í Austur-Skaftafellssýslu, heildareinkunn 122,6.

Kveðja frá Þorsteini Ólafssyni

Vegna þess að ég hverf til annarra starfa eftir áramótin vil ég þakka fyrir þau ánægjulegu ár sem ég hef fengið að starfa hjá fyrirtækjum sunnlenskra bænda frá árinu 1986. Ég hef verið afar heppinn með starfsvettvang og samstarfsfólk þessi ár.

Ég læt stundum mikið af því hve lánsamur ég hef verið að vera dýralæknir í samtökum dýralækna og fá að starfa með frjótæknum, ráðunautum, búvísindamönnum, mjólkurfræðingum og fjölmörgum öðrum sem vinna fyrir og með bændum. Það eru þó ekki síst bændur sjálfir sem ég hef notið að vinna og vera með, fyrst og fremst sunnlenskir bændur en einnig bændum víða annars staðar af landinu.

Ég þakka ykkur öllum fyrir samstarfið og vona að í nýju starfi hjá Matvælastofnun eigi ég áfram gott og ánægjulegt samstarf við sem flesta sem starfa að landbúnaði á Íslandi.

*Með ósk um farsæl komandi ár,
Þorsteinn Ólafsson.*

Að lokum

Dæmdar voru um 7.800 gimbrar í sýslunum fjórum. Þar af voru um 1.300 undan sæðingahrútum. Nokkuð fleiri gimbrar voru dæmdar þetta haustið og er það góð þróun.

Gerðar verða upp afkvæmarannsóknir hrúta fyrir um 10 bæi á starfsvæði Búnaðarsambandsins. Heldur hefur afkvæmarannsóknunum fækkað síðustu ár og er það ekki góð þróun. Viljum við hvetja bændur til að nýta sér þennan kost við grisjun hrútastofnsins því afkvæmin segja bændum best hvernig hrúturinn reynist.

Rétt er að benda á að allar töflur er hægt að nálgast á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (www.bssl.is) eða á skrifstofum Búnaðarsambandsins.

Að lokum vilja starfsmenn Búnaðarsambandsins sem komu að hauststarfinu í sauðfjárrækt þakka bændum fyrir gott samstarf í haust og óska bændum og búaliði gleðilegra jóla og farsæls nýs ár.

*Sauðfjárræktarráðunautar
Búnaðarsambands Suðurlands*

Til athugunar vegna skila á haustbók í sauðfjárrækt 2008

Nýtt skýrsluhaldskerfi, fjárvís.is, var tekið í gagnið hjá Bændasamtökum Íslands árið 2007 og er allt skýrsluhald skráð í þetta kerfi, hvort sem bændur skila fjárbókum, gögnum úr gamla fjárvísi eða eru komnir í netskil í fjárvís.is. Með tilkomu nýja skýrsluhaldskerfisins er núna skylda að skila fjárbókinni í tvennu lagi, vorbók og haustbók. Haustbókinni fyrir árið 2008 ber að skila til BSSL eða BÍ fyrir 1. febrúar 2009, annars falla bændur úr gæðastýringunni. Þessari dagsetningu var breytt í nýrri reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu (nr. 10/2008) sem tók gildi 1. janúar 2008. Frá og með haustinu 2008 verður tekið gjald fyrir skráningar á fjárbókum, vorbók og haustbók. Gjaldið fer eftir fjölda færslna í hverri bók og heimilt er að taka aukagjald ef bækur eru illa útfylltar.

Það eru nokkur atriði sem skýrsluhaldarar sem skila fjárbókum þurfa að hafa í huga áður en bækurnar eru sendar til Búnaðarsambandsins til skráningar.

1. Fullorðinsnúmer: Gefa verður öllum ásettum lömbum, bæði lambgimbrum og lambhrútum, fullorðinsnúmer áður en bók er skilað til skráningar.

2. Kaup/sala: Skrá þarf aftast í haustbók á þar til gerð eyðublöð kaup á gripum inn á búið og gefa viðkomandi grip fullorðinsnúmer. Eins þarf að skrá alla sölu. Þeir bændur sem eru á fjársölusvæðum er bent á kaup og sölu eyðublöð sem hægt er að nálgast á heimasíðu Búnaðarsambandsins eða skrifstofum þess.

Mikilvægt er að gera grein fyrir öllum lömbum. Ef þau vantar upp á heimtur að gera þá grein fyrir því. Við viljum síðan hvetja skýrsluhaldara í sauðfjárrækt á Suðurlandi að skila skýrsluhaldsupplýsingum fyrir árið 2008 sem fyrst til skráningar á næstu skrifstofu Búnaðarsambandsins.

Sauðfjárræktarráðunautar BSSL

Skuldastaða sunnlenskra kúabúa Tæplega tveir þriðju hluta búanna standa vel !

Síðustu vikur hefur verið mikil umræða í samfélaginu um skuldastöðu heimila og einstakra atvinnugreina. Hér á Suðurlandi eru rúmlega 260 kúabú starfandi um þessa mundir. Veruleg vinna hefur verið í gangi síðustu vikur af hálfu Búnaðarsambands Suðurlands varðandi upplýsingagjöf og ráðgjöf til einstakra bænda og lánastofnana varðandi lánastöðu einstakra bænda og þá möguleika sem eru til að létta tímabundið á greiðslubyrði erlendra lána. Í flestum tilvikum hefur verið hægt að liðsinna fyrirtækjunum (búunum) tímabundið með frystingu afborgana þeirra erlendu lána sem búin eru með. Í þeirri von að íslenska krónan muni styrkjast og höfuðstóll lánanna lækki þá sjálfkrafa.

Samhliða þessum þrengingum sem hafa orðið á lánsfjármarkaðnum og hækkandi verðbólgu þá hafa öll aðföng til búrekstrar hækkað verulega síðustu misseri þannig að heildarafkoma ársins 2008 verður mun lakari en árið 2007.

Hins vegar þegar nánar er að gáð þá er skuldastaða kúabænda á Suðurlandi mjög mismunandi. Út frá staðþekkingu og þeirri vinnu sem unnin hefur verið af starfsmönnum Búnaðarsambandsins má meta það svo að af rúmlega 260 kúabúum sem eru nú í rekstri séu um 170 tiltölulega lítið skuldsett og sigla þannig tiltölulega lygnan sjó hvað varðar skuldsetningu. Afgangurinn, um 90 kúabú, er allverulega skuldsett en rúmlega helmingur þeirra eru þó þannig stödd m.t.t. skulda að þau munu komast í gegnum ástandið, í mörgum tilvikum án skuldbreytinga eða annarra sértækra ráðstafana. Milli 40 og 50 kúabú eiga í verulegum erfiðleikum að standa við núverandi skuldbindingar sínar en nær öll

þeirra hafa fengið frestun á afborgunarhluta erlenda lánahlutans meðan gengisvísitalan er í þeim hæðum sem raunin hefur verið.

Væntingar manna um styrkingu íslensku krónunnar gefur tilefni til að rekstrarhæfi þessara búa verði mun meira og betra en það er í dag.

Runólfur Sigursveinsson

Jólin 2008

*Óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.



 Aburðarverksmiðjan

 **FB**
FÓÐURBLANDAN
- gæði í hverri gjöf